



Sigrún Magna Þórsteinsdóttir stundaði tónlistarnám í Tónlistarskólanum á Akureyri, Tónlistarskólanum í Reykjavík, við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og í Konunglega danska tónlistarháskólanum en þaðan lauk hún meistaraprófi árið 2011. Í námi sínu lagði hún sérstaka áherslu á barnakórstjórn, tónlistaruppeldi barna og kenningar um tónlistarþroska barna. Sigrún hefur stjórnað barnakórum og blönduðum kórum í Reykjavík, í Kaupmannahöfn og á Akureyri. Hún starfar sem barnakórstjóri og organisti við Akureyrarkirkju og við Möðruvallaklausturskirkju og kennir við Tónlistarskólann á Akureyri. Hún hefur haldið fjölda tónleika á Íslandi og erlendis bæði sem einleikari, meðleikari og kórstjóri. Sigrún er framkvæmdastjóri Sumartónleika í Akureyrarkirkju og Kirkjulistaviku í Akureyrarkirkju. Hún hefur einnig haldið tónlistarnámskeið fyrir foreldra ungbarna.